

Námsskrá elstu barna á Fífuborg

Í þessari námskrá eru sett fram markmið og leiðir að þeim fyrir elstu börn leikskólans (5-6 ára). Námsskránni er skipt niður í sjö þætti;

1. hreyfing
2. málrækt
3. myndsköpun
4. tónlist
5. náttúra og umhverfi
6. menning og samfélag
7. stærðfræði

Þættirnir eiga allir sinn sess í leikskólastarfinu, sumum er tileinkaður sérstakur tími en um leið ber að hafa í huga að þættirnir skarast og fléttast saman í eina heild í starfi leikskólans.

1. Hreyfing

Markmið: Að börnin:

- upplifi gleði og ánægju út frá hreyfingu og þjálfu líkamsstjórn og samhæfingu hreyfinga
- auki þol sitt
- þau læri að vinna saman í hóp, taka tillit til hvors annars og fara eftir fyrirmælum
- kynnist fjölbreyttri hreyfingu utandyra, t.d. í gönguferðum og leikjum
- læri slökun með tónlist, snertingu og jóga

Leiðir:

- Börnin fara í hreyfistund einu sinni í viku og þar er þjálfuð mismunandi færni. Í lok hverrar hreyfistundar er slökun með tónlist, snertingu eða jóga.
- Skipulagðar gönguferðir eru einu sinni í viku þar sem öll börn hafa að markmiði að geta gengið lengra að vori en þau gerðu að hausti.
- Á sumrin eru skipulagður íþróttadagur einu sinni í viku auk þess sem mikil útivera og hreyfing er á Tröllheimum sem er sérdeild elstu barna á sumrin.

2. Málrækt

Markmið: Að börnin:

- þekki lestraráttina, læri að þekkja og skrifa nafnið sitt
- geti sagt til um fullt nafn, heimilisfang og afmælisdag
- öðlist færni í að ríma, taka orð í sundur og setja saman (samsett orð)
- þjálfist í samstöfum (þ.e. að klappa atkvæðin; Fíf-u-borg) og hljóðgreiningu (t.d. heyrist –m í mús?)
- kynnist fjölbreytileika málsins og auki við orðaforða sinn
- fái tækifæri til að tjá sig og koma fram fyrir hópinn
- þekki og geti notað afstöðuhugtök eins og , undir-yfir, efst-neðst, fyrstur-síðastur, fyrir framan-fyrir aftan og við hliðina á

- geti sýnt fram á skilning á hugtökum eins og áfram-aftur á bak, til hliðar, hægt-hratt, upp-niður, hægri og vinstri
- kunni heiti algengustu líkamshluta eins og: hendur, fætur, höfuð, augu, nef, munnur, haka, eyru, magi, rass, læri, brjóst, bak, olnbogi, hæll, rist og hné

Leiðir:

- Nafn barnsins er sýnilegt á mörgum stöðum, þannig læra þau að þekkja það. Börnin eru hvött til þess að læra „stafinn sinn“ og læra að skrifa nafnið sitt.
- Í málörvunarstundum og samveru er bæði unnið með einstaka hluti málþroskans (t.d. rím og hljóðgreiningu) og með málið í heild. Þetta er gjarnan gert í gegnum leik og með lestri og umræðum um bækur.
- Í samverustundum og við matarborðið eru góð tækifæri til tjáningar sem eru mikið nýtt. Einnig fá börnin tækifæri til þess að koma fram fyrir hópinn og segja frá t.d. í samverustundum. Fyrir jólin sýna börnin helgileik á foreldraskemmtun og á hópaslitum að vori búa þau til og flytja sitt eigið leikrit.
- Í daglegu starfi er notast mikið við hugtök t.d. „getur þú rétt mér gula kubbin sem er *undir* stólnum“. Þannig eykst skilningur barnanna á hugtökum og þau eru hvött til þess að beita þeim.
- Farið er í ýmsa leiki og spjallað saman um líkamshluta okkar. Þannig vakna oft spurningar hjá börnunum í daglegu starfi leikskólans um líkama þeirra og gefast þar eðlileg tækifæri til að svara spurningum og fræða þau um mannlíkamann.

3. Myndsköpun

Markmið: Að börnin:

- fái tækifæri til þess að nýta hugmyndaflug sitt og sköpunargleði.
- hafi rétt grip á blýanti.
- hafi gott vald á skærum og geti klippt eftir línu.
- þjálfri fínhreyfingar sínar á fjölbreyttan hátt og kynnist margvíslegum efnivið t.d. leir, perlum, verðlausu efni og ýmiskonar litum.
- þekki alla litina (gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár, brúnn, bleikur og appelsínugulur, grár).

Leiðir:

- Börnin fá ríkuleg tækifæri og hvatningu til þjálfunar í öllu starfi leikskólans.
- Í hópastarfi er mikil myndsköpun og þar er líka unnið með rétt grip og að klippa eftir línu.
- Litirnir eru sýnilegir á mörgum stöðum og gjarnan er rætt um þá eða farið í leiki. Einnig er unnið með litina í litavikum en þá beinum við athyglinni að ákveðnum lit í umhverfinu og gerum könnunarvef.

4. Tónlist

Markmið: Að börnin:

- þroski með sér næmni fyrir hljóðum og hreyfingu
- varðveiti og þroski með sér frumkvæði til frjálsrar hreyfitjáningar með tónlist
- þroski með sér jákvætt viðhorf til tónlistar
- upplifi félagslegan þátt tónlistarinnar sem er óháður aldri og þroski með sér samstarfshæfni og tillitssemi
- læri einstök hugtök í tónlist s.s hátt/lágt, hratt/hægt, sterkt/veikt, bjart/dimmt

Leiðir:

- Öll börn í leikskólanum fara í skipulagðar tónlistarstundir einu sinni í viku. Einnig eru þau í hreyfistundum einu sinni í viku þar sem þau fá að hreyfa sig með mismunandi tónlist. Í tónlistarstundunum eru sköpuð skilyrði fyrir börnin að syngja, spila á hljóðfæri og hreyfa sig. Jafnframt eru þau þjálfuð í að hlusta og greina það sem þau heyra. Þau æfa sig í að skiptast á og að koma fram. Einnig er þeim kennd undirstaða í að fylgja eftir stjórnanda þ.e. að spila/syngja þegar á við og stoppa.
- Jafnframt er lögð áhersla á að þau læri nöfnin á helstu hljóðfærum.
- Lögð er áhersla á að öll börnin séu virk og fái tækifæri til að vinna út frá eigin hugmyndum.
- Tónlistin fléttast inn í hópastarfið með þematengdum lögum auk þess að elstu börnin eru boðin á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands að vori.

5. Náttúra og umhverfi

Markmið: Að börnin:

- kynnist sínu nánasta umhverfi og njóti þess
- kynnist árstíðunum og áhrifum þeirra á náttúruna
- læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu
- séu öruggari og meðvitaðri í umferðinni

Leiðir:

- Við förum reglulega í gönguferðir um hverfið okkar þar sem við skoðum og ræðum um dýr, plöntur, veðurfar, ræktun og áhrif árstíðanna.
- Að hausti tínum við plöntur, þurrkum og búum til plöntubók.
- Í sögurammanum *Umhverfi og fólk* beinum við sjónum okkar að umhverfinu með því að skoða mismunandi hús í hverfinu og hvað er í kringum hús s.s. gangstéttar, garðar og götur.
- Við hugum að umhverfinu og ræðum um náttúruvernd og týnum rusl. Á Fífuborg eru jólakort búin til úr endurunnum pappír og pappír flokkaður til endurvinnslu.
- Umferðarfræðslan fer fram með opinni umræðu þar sem meðal annars er rætt um örugg leiksvæði, endurskinsmerki, bílbelti og að fara yfir götu. Í gönguferðum notum við tækifærið og æfum ofantalin atriði. Umferðarstofa er með umferðarfræðslu á vorin.

- Á Tröllheimum (sem er sérdeild elstu barnanna á sumrin) er unnið mikið með vorið og sumarið þar sem náttúran er könnuð í styttri og lengri ferðum um borgina.

6. Menning og samfélag

Markmið: Að börnin:

- öðlist frekari skilning á því að þau eru einstök um leið og þau eru hluti af stærri hóp
- kynnist og viðhaldi menningararfi sínum
- tileinki sér umburðarlyndi gagnvart því sem er þeim framandi

Leiðir:

- Við vinnum mikið með þennan þátt í hópstarfi í sögurömmunum *Umhverfi og fólk og Ísland áður fyrr*. Í *Umhverfi og fólk* fá börnin að búa til hús við götu og inn í húsin flytja svo fjölskyldur sem þau búa til. Þessu tengjast umræður um mismunandi fjölskyldur og mismunandi siði, bæði íslenska og erlenda. Eftir að hafa kynnt okkur samfélagið í nútímanum fá börnin að kynnast lífinu í gamla daga í sögurammanum *Ísland áður fyrr*. Tímaferðalangurinn Baggalútur fræðir þau um lífið í gamla daga og spyr þau spurninga sem fá þau til velta fyrir sér lífinu í nútíð og fortíð. Tengt þessu þema fara börnin í heimsókn á Árbæjarsafnið.
- Börnin fræðast um póstsamskipti og heimsækja pósthús. Allir fá að senda félag sínum mynd í pósti sem félaginn kemur svo með í leikskólann og sýnir.
- Vettvangsferð í Alþingishúsið og stytta Jóns Sigurðssonar á Austurvelli skoðuð. Þetta tengist umræðum og fræðslu um þjóðhátíðardag Íslendinga.
- Ýmsar vettvangsferðir á vorin og sumrin þegar elstu börnin eru á Tröllheimum. Misjafnt er milli ára hvaða áfangastaðir verða fyrir valinu.

7. Stærðfræði

Markmið: Að börnin:

- geti talið allt að 20 og þjálfí talnaskilning sinn upp að 10
- þekki helstu form (hring, ferning, þríhyrning)
- kynnist mælingum, pörun og flokkun
- kynnist og geti beitt ýmsum stærðarhugtökum eins og: stór-lítill, stærri-minnstur, stuttur-langur og stærri en – minni en. Einnig að geta greint mun á fáir og margir.

Leiðir:

- Stærðfræðin þjálfast mest í daglegu starfi með börnunum. Þar má nefna hlutverk umsjónarmanna þegar þeir eru að leggja á borð, þá þurfa þeir að telja hversu margir eru við matarborðið í dag og hvað þarf þá marga diska, glös og hnífapör.
- Einnig þjálfast stærðfræðin í ýmsum spilum og leikjum til dæmis þegar verið er að ganga frá einingarkubbunum. Þá er mikið unnið með hugtök, t.d. „getur þú rétt mér kubb sem er *helmingi minni* en þessi“.

- Einnig eru unnin sérstök verkefni sem tengjast ofangreindum markmiðum; hæð barnanna mæld að hausti og vori og skoðað hversu mikið þau hafa stækkað; ýmsir hlutir paraðir saman eða flokkaðir, t.d. sem finnast í gönguferðum. Unnar eru myndir þar notast er við algengustu formin.

Að brúa bil

Starfið í leikskólanum

Á Fífuborg eru ýmis þemu yfir skólaárið sem allir í leikskólanum taka þátt í. Þannig tengjast þemu og vinnustundir elstu barna en elstu börnin nálgast og vinna með þemun á þann hátt sem hæfir getu þeirra. Í vinnustundum elstu barna er jafnframt unnið að því að brúa bilið milli skólastiga og undirbúa þau sem best fyrir grunnskólann. Námsþættirnir málrækt og stærðfræði spila þar mikilvægt hlutverk. Ekki er síðri áhersla lögð á lífsleikni; að geta sýnt sjálfstæði, unnið saman í hóp og borið virðingu fyrir hvert öðru. Lífsleiknin fléttast inn í allt starf leikskólans auk þess sem henni er gefinn sérstakur gaumur í þemunum *vinátta og virðing* og *ég og umhverfi mitt*. Þessu tengt vinna börnin ýmis verkefni t.d. semja reglur fyrir hópinn, umræður um vináttu og búa til vinatré. Einnig æfum við okkur í að segja eitthvað fallett um hvert annað og allir fá lítið skjal heim með þeim hrósyrðum.

Samstarf við Rimaskóla

Fífuborg og Rimaskóli eiga í góðu samstarf enda er tækifæri til þess að kynnast grunnskólanum mikilvægur liður í því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla. Grunnskólanemar heimsækja leikskólann á Degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin. Einnig koma þau í heimsókn að vori, fara í leiki með leikskólabörnunum og gefa þeim tækifæri til að spyrja um grunnskólann. Leikskólabörnin fara í margar heimsóknir í Rimaskóla; í danstíma, á bókasafnið og í frímínútur svo dæmi séu tekin.

Tröllheimar

Tröllheimar eru aukadeild sem er starfrækt á sumrin fyrir elstu börnin. Á deildinni er komið til móts við þarfir elstu barnanna með fjölbreyttum ferðum og framboði á nýjum leikföngum s.s. erfiðari spilum og púslum. Tvisvar í viku er farið í lengri ferðir með nesti.

Markmiðin með þessum ferðum eru:

- að bjóða elstu börnunum fjölbreytt verkefni við hæfi t.d. náttúruskoðun og safnaheimsóknir
- auka öryggi þeirra og sjálfstæði utan leikskólans
- auka þol

Síðast endurskoðað í júlí 2010